

---

Áhættu- og  
áhættustýringarstefna  
Lífeyrissjóðs  
Tannlæknafélags Íslands

---

Mars 2024

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Áhættustefna .....	3
2.1	Áhætta .....	3
2.2	Áhættustýringarferli .....	3
2.2.1	Greining á áhættu .....	3
2.2.2	Mæling á áhættu .....	3
2.2.3	Mat á áhættu .....	3
2.2.4	Stýring áhættu .....	4
2.3	Áhættuþol og áhættuvilji .....	4
2.3.1	Áhættuþol .....	4
2.3.2	Áhættuvilji .....	4
2.4	Áhættuþættir .....	5
2.4.1	Fjárhagsáhætta .....	5
2.4.2	Lífeyristryggingaráhætta .....	6
2.4.3	Mótaðilaáhætta .....	6
2.4.4	Lausafjárahætta .....	7
2.4.5	Rekstraráhætta .....	7
2.4.6	Áhætta tengd sjálfbærni .....	8
2.5	Eigið áhættumat .....	9
3	Áhættustýringarstefna .....	10
3.1	Skipulag áhættustýringar .....	10
3.1.1	Hlutverk stjórnar .....	10
3.1.2	Hlutverk framkvæmdastjóra .....	10
3.1.3	Hlutverk ábyrgðaraðila áhættustýringar .....	10
3.1.4	Hlutverk innri endurskoðanda .....	10
3.1.5	Hlutverk ytri endurskoðanda .....	11
3.1.6	Hlutverk endurskoðunarnefndar .....	11
3.1.7	Siðferði og starfshættir .....	11
3.2	Framkvæmd eftirlits .....	11
3.2.1	Fjárhagsáhætta .....	12
3.2.2	Lífeyristryggingaráhætta .....	14
3.2.3	Mótaðilaáhætta .....	15
3.2.4	Lausafjárahætta .....	17
3.2.5	Rekstraráhætta .....	18
3.2.6	Sjálfbærniáhætta .....	20
3.2.7	Annað .....	21
3.3	Viðmið um notkun afleiðna .....	22
3.4	Birtingartafla .....	22
4	Endurskoðun stefnu .....	23
5	Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	24
	Viðauki 1 - Álagspróf .....	25

## **1 Inngangur**

Áhættu- og áhættustýringarstefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er byggð á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Stjórn sjóðsins setur áhættustefnu fyrir sjóðinn samkvæmt 9. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins sem og skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn. Í stefnunni kemur fram hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Áhættustefnan er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að koma auga á áhættuþætti í rekstri sjóðsins og tryggja fagleg og vönduð vinnubrögð og auka þannig öryggi og samfellu í rekstri sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 590/2017 skal lífeyrissjóður setja sér áhættustýringarstefnu. Í áhættustýringarstefnunni er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vakta þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Í henni eru skilgreind hlutverk og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila er koma að framkvæmd stefnunnar.

## **2 Áhættustefna**

### **2.1 Áhætta**

Hugtakið áhætta hjá lífeyrissjóðnum er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Hugtakið tekur til atvika er lúta bæði að eignum og skuldbindingum og einnig atvika er snúa að rekstri sjóðsins.

### **2.2 Áhættustýringarferli**

Heildaráhættustýring er eftirlitskerfi sem felur m.a. í sér reglur, verkferla og verklag sem sameiginlega miða að því að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættu í starfsemi sjóðsins. Áhættustýringarferli er hluti af þessu kerfi en það er samsett úr nokkrum þáttum sem ætlað er að stuðla að góðri yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.

#### **2.2.1 Greining á áhættu**

Þeir áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfsemi og markmið sjóðsins eru skilgreindir. Þá er skoðað við hvaða aðstæður mismunandi áhættu/atburðir geta orðið að veruleika og áhrif þeirra á sjóðinn.

#### **2.2.2 Mæling á áhættu**

Þegar áhættuþættirnir hafa verið greindir er mælt hve mikil áhrif þeir geta haft á sjóðinn. Stjórn sjóðsins framkvæmir eigið áhættumat (sjá nánar kafla 2.5) þar sem áhrifin eru metin ásamt líkum á að áhætta/atburðir raungerist. Einnig er stuðst við ársfjórðungsskýrslur áhættustýringar þar sem áhætta eru mæld með tölulegum hætti.

#### **2.2.3 Mat á áhættu**

Niðurstöður úr mælingum á áhættu eru notaðar til ákvörðunar um viðbrögð. Í eigin áhættumati sjóðsins er sett saman aðgerðaráætlun ef þörf gerist og í ársfjórðungsskýrslum áhættustýringar er bent á þætti ef aðgerða eða nánari skoðunar er þörf.

## 2.2.4 Stýring áhættu

Stjórn sjóðsins hefur skilgreint fjórar leiðir til að stýra og/eða eftir atvikum takmarka áhættu. Þessar leiðir samtvinnast áhættustýringarstefnu og fjárfestingarstefnu og virkt eftirlit leiðir til þess að áhættustefnu sé fylgt.

**Forðast áhættu.** Hér er reynt að útiloka áhættu, t.d. með því að fjárfesta ekki í tilteknum eignaflokki eða útgefendum, nota traust upplýsingakerfi og viðhafa góða stjórnarhætti.

**Draga úr áhættu.** Dreigið er úr áhættu t.d. með því að gæta að áhættudreifingu eignasafns s.s. með því að velja saman eignaflokka sem hafa takmarkaða innbyrðis fylgni og að dreifa fjárfestingum á marga mismunandi útgefendur og mörg mismunandi landsvæði, gjaldmiðla og atvinnugreinar.

**Yfirfæra áhættu.** Áhætta er yfirfærð á annan aðila með vörnum s.s. afleiðum eða tryggingum og tekur gagnaðilinn þá að sér áhættuna að hluta eða öllu leyti gegn gjaldi. Dæmi um slíkt er að nota afleiður til áhættuvarna s.s. til að verja erlendar eignir sjóðsins gegn styrkingu íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

**Meðvituð áhættutaka.** Nauðsynlegt getur verið að taka áhættu með það að markmiði að ná viðunandi ávöxtun á eignasafni sjóðsins. Þessar áhættur eru sumar þekktar og óhagkvæmt er að yfirfæra áhættuna á annan aðila.

## 2.3 Áhættuþol og áhættuvilji

Í 2. gr. reglugerðar nr. 590/2017 eru hugtökin áhættuþol og áhættuvilji skilgreind á þennan veg:

**Áhættuþol:** Sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

**Áhættuvilji:** Sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka.

### 2.3.1 Áhættuþol

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, séreignardeild og samtryggingardeild og eru deildirnar fjárhagslega aðskildar. Það sem ræður oftast áhættuþoli sjóðfélaga er aldur þeirra en aldurssamsetning deildanna er svipuð og því er áhættuþol þeirra sambærileg að því leytinu til. Deildirnar eru frábrugðnar að því leytinu til að lífeyrisbyrði þeirra er mismunandi. Lífeyrisbyrðin er hærri í séreignardeild, herra hlutfall eigna er laust til útgreiðslu og hægt er að flytja inneign til annarra vörsluaðila og því þörf á að eignir séu seljanlegar. Í samtryggingardeild markast áhættuþolið einnig af 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 en þar kemur fram að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga þarf lífeyrissjóðurinn að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munurinn hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár.

### 2.3.2 Áhættuvilji

Lífeyrissjóðurinn er í eðli sínu langtímafjárfestir og er meðvitaður um að áhættusamari fjárfestingar geti skilað hærri ávöxtun til lengri tíma en til skamms tíma getur ávöxtun þeirra verið neikvæð.

Í fjárfestingarstefnu endurspeglast áhættuvilji sjóðsins:

- Markmið og vikmörk í hverjum eignaflokki.
- Hámarks fjárfesting í fjármálagerningum sama útgefanda.
- Hámarks fjárfesting í óskráðum verðbréfum.
- Hámarks hlutdeild í hlutafé félags, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Hámarks fjárfesting í erlendum gjaldmiðlum.
- Markmið um eignadreifingu á eignaflokka, útgefendur, landsvæði, gjaldmiðla og atvinnugreinar.

## 2.4 Áhættuþættir

Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í sex yfirflokka: fjárhagsáhætta, lífeyristryggingaráhætta, mótaðilaáhætta, lausafjánhætta, rekstraráhætta og áhætta tengd sjálfbærni. Hver yfirflokkur skiptist síðan niður á undirflokka. Fylgni getur verið á milli áhættuþátta, þ.e. ef einn atburður í ákveðnum áhættuflokki raungerist, getur sá atburður haft þau áhrif að atburður/atburðir í öðrum áhættuflokkum raungerist.

### 2.4.1 Fjárhagsáhætta

Áhætta sem getur haft neikvæð áhrif á virði eignasafns sjóðsins og þar af leiðandi leitt til lakari ávöxtunar og neikvæðra áhrifa á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Undirflokkar fjárhagsáhattu eru: markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðbólguáhætta, vaxta- og endurfjárfestingaráhætta, fylgniáhætta, uppgreiðsluáhætta, misræmisáhætta og áhætta vegna eigna utan efnahags.

#### 2.4.1.1 Markaðsáhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafar beint eða óbeint af lækkun á virði fjármálagerninga í eignasafni.

#### 2.4.1.2 Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni þróist á neikvæðan hátt sem leiðir til lækkunar á virði erlendra eigna mælt í íslenskum krónum.

#### 2.4.1.3 Verðbólguáhætta

Hættan á að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram 3,5% raunávöxtun á eignasafni sjóðsins.

#### 2.4.1.4 Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Vaxtaáhætta er hættan á að lækkun verði á virði skuldabréfa eða annarra vaxtatengdra fjármálagerninga vegna hækkunar vaxta eða breytinga á lögum vaxtakúrfu skuldabréfa.

Endurfjárfestingaráhætta er hættan á því að sjóðurinn þurfi að endurfjáfesta afborgunum, vaxtagreiðslum og/eða uppgreiðslum á lægri ávöxtunarkröfu vegna lægra vaxtastigs.

#### 2.4.1.5 Fylgniáhætta

Sjóðurinn fjárfestir í mörgum tegundum eignaflokka sem hafa sögulega séð lága innbyrðis fylgni. Fylgniáhætta er hættan á því fylgni þessara eignaflokka aukist þegar virði þeirra þróast á neikvæðan hátt.

#### **2.4.1.6 Uppgreiðsluáhætta**

Hættan á því útgefandi greiði upp skuldabréf fyrir lokagjalddaga og sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir þegar skuldabréfið var keypt.

#### **2.4.1.7 Misræmisáhætta**

Hættan á misræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegur. Dæmi um áhættuþátt er að lífeyrisskuldbindingar eru verðtryggðar en eignasafn er ekki verðtryggt að fullu.

#### **2.4.1.8 Áhætta vegna eigna eða skuldbindinga utan efnahags**

Áhætta vegna breytinga á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags s.s. afleiðusamningar. Sjóðurinn hefur heimild til þess að nota afleiður til að takmarka gjaldmiðlaáhættu í eignasafni sjóðsins og takmarka áhættu vegna skuldbindinga sjóðsins í erlendri mynt.

### **2.4.2 Lífeyristryggingaráhætta**

Hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Undirflokkar lífeyristryggingaráhættu eru: áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði, lýðfræðileg áhætta og iðgjaldaáhætta.

#### **2.4.2.1 Áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði**

Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

#### **2.4.2.2 Lýðfræðileg áhætta**

Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Hækkun á lífs- og örorkulíkum og líkum á að sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn eru þess valdandi að lífeyrisskuldbindingar vaxi.

#### **2.4.2.3 Iðgjaldaáhætta**

Hættan sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum.

### **2.4.3 Mótaðilaáhætta**

Hættan á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans. Undirflokkar mótaðilaáhættu eru: útlánaáhætta, afhendingar- og uppgjörshætta, samþjöppunaráhætta, atvinnugreinaáhætta og landsáhætta.

#### **2.4.3.1 Útlánaáhætta**

Hættan á því að tap verði á eignum sjóðsins vegna vanskila lántaka.

#### **2.4.3.2 Afhendingar- og uppgjörshætta**

Hættan á að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings.

### **2.4.3.3 Samþjöppunaráhætta**

Hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna, þ.e. að of stór hluti eignasafns sé í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila eða tengdum aðilum.

### **2.4.3.4 Atvinnugreinaáhætta**

Hættan á að eignasafn sjóðsins sé of tengt einni atvinnugrein á sama efnahagssvæðinu.

### **2.4.3.5 Landsáhætta**

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðs séu of tengdar einu landi eða landsvæði.

### **2.4.4 Lausafjánhætta**

Hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur, s.s. að greiða lífeyri eða vegna uppgjörs verðbréfavíðskipta sem sjóðurinn hefur stofnað til. Undirflokkar lausafjánhættu eru: seljanleikaáhætta og útstreymisáhætta.

#### **2.4.4.1 Seljanleikaáhætta**

Hættan á að ekki takist að selja fjármálagerninga á nógu skömmum tíma og á ásættanlegu verðbili sem leiðir af sér tap.

#### **2.4.4.2 Útstreymisáhætta**

Hættan á að útstreymi verða meira og hraðar úr sjóðnum en gert var ráð fyrir. Þetta snýr annars vegar að hættunni á að rétthafar sjóðsins hefji töku lífeyris fyrr og/eða hraðar en aldurssamsetning deildarinnar gefur til kynna og hins vegar að rétthafar flytji séreign í aðrar ávöxtunarleiðir eða til annars vörsluaðila séreignarsparnaðar.

### **2.4.5 Rekstraráhætta**

Hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Undirflokkar rekstraráhættu eru: stjórnarhættir, starfsmannaáhætta, áhætta er varðar upplýsingakerfi, áhætta varðandi rekstrarsamfellu, pólitísk áhætta, skjalaáhætta, úrskurðaráhætta lífeyris, áhætta vegna útvistunar, upplýsingaáhætta og orðsporsáhætta.

#### **2.4.5.1 Stjórnarhættir**

Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum sjóðsins. Áhætta varðandi stjórnarhætti snýr að því að reglum og góðum venjum um stjórnarhætti sé ekki fylgt með þeim afleiðingum að fjárhagslegt tjón eða orðspor sjóðsins skaðist.

#### **2.4.5.2 Starfsmannaáhætta**

Hættan á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika.

#### **2.4.5.3 Áhætta er varðar upplýsingakerfi**

Áhætta bæði vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar, þ.e. að hann standist ekki kröfur um staðla um upplýsingaöryggi.

#### **2.4.5.4 Áhætta varðandi rekstrarsamfellu**

Hættan á að starfsemi sjóðsins raskist vegna einhverskonar ástands, s.s. heimsfaraldurs.

#### **2.4.5.5 Pólitísk áhætta**

Hættan á því að aðgerðir eða aðgerðaleyfi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum og reglum um starfsemi sjóðsins.

#### **2.4.5.6 Skjalaáhætta**

Hættan á að samningar og skjöl tapist.

#### **2.4.5.7 Úrskurðaráhætta lífeyris**

Hættan á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris sem er í ósamræmi við samþykktir sjóðsins getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna.

#### **2.4.5.8 Áhætta vegna útvistunar**

Áhætta vegna útvistunar á tilteknum hluta starfseminnar eða starfsemi sjóðsins í heild. Sem dæmi getur fylgt útvistun: minni yfirsýn, minni aðgangur að verkferlum og skipulagi, útvistunaraðili uppfyllir ekki samninga eða hæfni starfsmanna útvistunaraðila er ófullnægjandi.

#### **2.4.5.9 Upplýsingaáhætta**

Hættan á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fá sjóðfélagar þessi yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónaábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um eignasamsetningu deilda eða fjárfestingastefnu þeirra að valda sjóðnum tjóni og skaða orðspor hans.

#### **2.4.5.10 Orðsporsáhætta**

Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðspor sjóðsins hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta eru tengdar að því leyti, að ef lífeyrissjóður fær á sig slæmt orð getur það leitt til þess að iðgjöld dragast saman vegna lélegrar nýliðunar. Þá getur slæmt orðspor leitt til þess að réttthafar séreignar flytji réttindi sín til annara sjóða sem getur aukið lausafjár- og seljanleikaáhættu.

#### **2.4.6 Áhætta tengd sjálfbærni**

Hættan á að atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta hafi neikvæð áhrif á virði fjárfestingar.

#### **2.4.6.1 Áhætta varðandi umhverfismál**

Hættan á því að virði fjárfestingar lækki vegna röskunar á starfsemi útgefanda fjármálagerninga og/eða tjóns á eignum hans af völdum loftslagsbreytinga s.s. flóða, aurskriða, eyðingu auðlinda og eyðingu búsvæða.



#### **2.4.6.2 Áhætta varðandi félagsmál**

Hættan á því að virði fjárfestingar lækki vegna röskunar á starfsemi útgefanda fjármálagerninga og/eða tjóns vegna orðsporshnekkis, fjársekta og slíkt vegna neikvæðra áhrifa þegar kemur að félagsmálum. Það getur náð til þátta s.s. mannréttinda, öryggi starfsfólks og vinnuskilyrði, öryggi vöru og fjölbreytileika.

#### **2.4.6.3 Áhætta varðandi stjórnarhætti**

Hættan á því að virði fjárfestingar lækki vegna röskunar á starfsemi útgefanda fjármálagerninga og/eða tjóns vegna orðsporshnekkis, fjársekta og slíkt vegna stjórnarháttanna eða stjórnskipulags útgefandans. Það getur náð til þátta s.s. ófullnægjandi stjórnarháttanna, óheiðarleika, skorti á gagnsæi og upplýsingagjöf og ófullnægjandi vernd á réttindum hluthafa.

### **2.5 Eigið áhættumat**

Eigið áhættumat er framkvæmt a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins og er það í samræmi við 3. kafla reglugerðar nr. 590/2017. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins.

Hluti af eigin áhættumati er áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka sem unnið er í samræmi við 5. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Eigið áhættumat skal a.m.k. ná til eftirfarandi atriða:

1. Greina skal helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, meta fylgni þeirra og hvernig áhættutaka fellur að skuldbindingum sjóðsins.
2. Þar sem sjóðurinn reiðir sig á aðgerðir stjórnenda og starfsmanna við mildun áhættu skal framkvæma sviðsmyndagreiningu á áhrifum slíkra aðgerða.
3. Framkvæma skal álagspróf, næmnigreiningar og athuganir á viðnámsþrótti.
4. Greina skal forsendur tryggingafræðilegrar stöðu og þætti sem hafa áhrif á breytingar á henni á milli ára.
5. Skipuleggja skal þær aðgerðir sem lífeyrissjóður hyggst grípa til ef áhætta raungerist.

Skýrslu um eigið áhættumat er skilað til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands eigi síðar en 30. júní ár hvert. Niðurstöður hennar eru í framhaldinu kynntar fyrir starfsmönnum rekstraraðila sem koma að starfsemi sjóðsins ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu.

## **3 Áhættustýringarstefna**

### **3.1 Skipulag áhættustýringar**

#### **3.1.1 Hlutverk stjórnar**

Stjórn lífeyrissjóðsins skal gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn sjóðsins ber hina endanlegu ábyrgð á því að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar sem innihaldi skilvirka ferla og vinnulag. Stjórn sinnir þessum þáttum m.a. með því að:

- setja sjóðnum áhættustefnu sem skilgreinir áhættuvilja sjóðsins, áhættuþol og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu.
- setja sjóðnum fjárfestingarstefnu þar sem áhættuvilji endurspeglast fyrir hverja og eina ávöxtunarleið.
- framkvæma eigið áhættumat þar sem greindir eru helstu áhættuþættir í rekstri sjóðsins.
- Hafa eftirlit með útvistun í samræmi við útvistunarstefnu.

#### **3.1.2 Hlutverk framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins og þar á meðal framkvæmd áhættustýringar. Framkvæmdastjóri skal kynna áhættustefnu fyrir því starfsfólki rekstraraðila sem sinnir verkefnum fyrir lífeyrissjóðinn og tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi eftirlitskerfa. Það er gert með kynningu á áhættumati og inntaki áhættustefnu. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stjórnun áhættuþátta sé í samræmi við áhættustefnuna og hefur eftirlit með að útvistun sé í samræmi við útvistunarstefnu sjóðsins.

#### **3.1.3 Hlutverk ábyrgðaraðila áhættustýringar**

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar. Starfssvið áhættustýringar skal heyra undir framkvæmdastjóra sjóðsins, vera sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum og hafa óheftan aðgang að stjórn, undirnefndum stjórnar, gögnum, tölvukerfum og starfsfólki sem þörf er á til að sinna eftirliti og skýrslugjöf á fullnægjandi hátt. Einnig skal starfssvið áhættustýringar aðstoða stjórn og stjórnendur að þróa og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi fyrir áhættu í rekstri sjóðsins. Ábyrgðaraðili áhættustýringar skal viðhalda virkri upplýsingagjöf til stjórnar sem tekur til daglegs reksturs, eignasafns og ef fjárfestingar sjóðsins fara út fyrir fjárfestingarstefnu hans eða fjárfestingarheimildir laga.

#### **3.1.4 Hlutverk innri endurskoðanda**

Innri endurskoðandi veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Innri endurskoðandi leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig sjóðinn við að ná markmiðum sínum.

Innri endurskoðandi skal hafa ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi sjóðsins s.s. eignum, starfsfólki, skýrslum, skrá, kerfum og öðrum gögnum sem talin eru nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar. Einnig skal hann hafa heimild til þess að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnarmenn veiti þær upplýsingar og útskýringar sem á þarf að halda og að óheft samskipti séu við þá sem sinna ytri endurskoðun sjóðsins.

### **3.1.5 Hlutverk ytri endurskoðanda**

Ytri endurskoðandi fellur ekki með beinum hætti undir skipulag áhættustýringar. Markmið endurskoðunar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningur sjóðsins gefi glögga mynd af afkomu, efnahag, breytingu á handbæru fé og tryggingafræðilegri stöðu í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### **3.1.6 Hlutverk endurskoðunarnefndar**

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars:

- hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- hafa eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innri endurskoðunar og áhættustýringar.
- hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

### **3.1.7 Siðferði og starfshættir**

Mikilvægt er að stjórn og framkvæmdastjóri stuðli að góðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Leggja þarf ríka áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits og að starfsfólk hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringarferlinu og eftirliti og taki virkan þátt í því.

## **3.2 Framkvæmd eftirlits**

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á eftirliti með fjárhagsáhættu, lífeyrstryggingaráhættu, mótaðilaáhættu og öðrum atriðum. Ábyrgðaraðili áhættustýringar og eignastýring hafa eftirlit með lausafjánhættu. Framkvæmdastjóri hefur með höndum eftirlit með flestum þáttum rekstraráhættu.

Hér á eftir verður farið ítarlega yfir verklag, ábyrgðaraðila, viðmið og/eða vikmörk, viðbrögð og tíðni eftirlits.

### 3.2.1 Fjárhagsáhætta

#### Markaðsáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Mælt með daglegu VaR með 99% öryggisbili. VaR er krónutala en er yfirfærð sem hlutfall af heildareignum, þ.e. hversu mikil lækkun á gengi sjóðsins m.v. 1% líkur. Fylgst er með þróun á gengi deilda.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	<b>VaR</b> Gult = VaR er á milli 2-3% af heildareignum. Rautt = VaR fer yfir 3% af heildareignum. <b>Gengi ávöxtunarleiða</b> Gengi deildar fellur um 10% frá lokum síðasta mánaðar og eftir það við hvert margfeldi af 10%.	Ef VaR fer á gult, þá er framkvæmdastjóra gert viðvart eins fljótt og auðið er. Ef VaR fer á rautt, þá er stjórn gert viðvart og hún ákveður hvort þörf sé á breytingum á eignasafninu. Ef gengi deildar fellur um 10% frá lokum síðasta mánaðar skal stjórn gert viðvart og aftur eftir það við hvert margfeldi af 10%.	VaR er reiknað daglega. Ársfjórðungsskýsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári. Breytingar á gengi sjóðsins eru birtar í mánaðarskýrslu sem gefin er út mánaðarlega.

#### Gjaldmiðlaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Hlutfall erlendra gjaldmiðla í söfnum sjóðsins er mælt. Nánari gjaldmiðlaskipting er í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra. Flókt á gengi gjaldmiðla kemur einnig fram í VaR útreikningum.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Vikmörk í samræmi við 36. gr. d laga nr. 129/1997, þ.e. að lágmarki 48,5% af heildareignum sjóðs sé í sama gjaldmiðli og skuldbindingar. Nánari vikmörk má sjá í fjárfestingarstefnu. Sjá VaR vikmörk í <i>markaðsáhættu</i> . Stjórn er meðvituð um að til þess að auka áhættudreifingu er nauðsynlegt að fjárfesta í öðrum gjaldmiðlum.	Ef VaR fer á gult, þá er framkvæmdastjóra gert viðvart eins fljótt og auðið er. Ef VaR fer á rautt, þá er stjórn gert viðvart og hún ákveður hvort þörf sé á breytingum á eignasafninu. Ef farið er yfir vikmörk laga eða fjárfestingarstefnu skal stjórn tilkynnt það án tafar.	Hlutfall erlendra gjaldmiðla er mælt með daglegu eftirliti. Nánari umfjöllun í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári.

#### Verðbólguáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Verðtryggingarhlutfall er tilgreint í mánaðarskýrslum til stjórnar og ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra. Í álagsprófi samtryggingardeildar er skoðað hver áhrifin af aukinni verðbólgu eru á tryggingafræðilega stöðu.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Engin skilgreind vikmörk eru á verðtryggingarhlutfalli. Vikmörk á tryggingafræðilegri stöðu samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997.	Ef tryggingafræðileg staða verður neikvæð um 10% eða meira skal gera breytingar á samþykktum og einnig ef hún hefur haldist neikvæð um 5% eða meira í samfellt 5 ár.	Tryggingafræðileg úttekt er gerð einu sinni á ári.

#### Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Value-Per-Basis-Point-25 (VPB25) er mælt, þ.e. áhrif á gengi deilda sjóðsins ef ávöxtunarkrafa allra skuldabréfa sjóðsins myndi hækka um 0,25 prósentustig. Skuldabréfasafn sjóðsins er greint m.t.t. uppgreiðsluheimilda skuldabréfaflokka.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Engin skilgreind vikmörk eða viðmið eru á VPB25 eða uppgreiðsluheimildum.	Engin skilgreind viðbragðsáætlun er vegna vaxta- og endurfjárfestingaráhættu. Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu ef miklar breytingar verða á VPB25 eða hlutfalli skuldabréfa með uppgreiðsluákvæði.	VPB25 er tilgreint í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári. Umfjöllun um uppgreiðsluáhættu skuldabréfa er í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári.

### Fylgniáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Umfjöllun er um fylgni milli helstu eignaflokka í fjárfestingarmengi sjóðsins í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra. Fylgni á milli eignaflokkanna er út frá gögnum síðustu 12 mánaða.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Engin skilgreind vikmörk eða viðmið eru vegna fylgniáhættu.	Engin skilgreind viðbragðsáætlun er vegna fylgniáhættu. Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu á stjórnarfundum ef fylgni á milli eignaflokka eykst mikið.	Fylgni á milli eignaflokka er tilgreind í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári.

### Uppgreiðsluáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Fylgst er með hlutfalli skuldabréfa með uppgreiðsluákvæði m.v. virði, í eigu sjóðsins og á hvaða tímamarkum það opnast fyrir uppgreiðslur.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Engin skilgreind vikmörk eða viðmið eru vegna uppgreiðsluáhættu.	Engin skilgreind viðbragðsáætlun er vegna uppgreiðsluáhættu skuldabréfa. Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu á stjórnarfundum ef talið er líklegt að miklar uppgreiðslur verði á komandi mánuðum.	Umfjöllun um uppgreiðsluáhættu skuldabréfa er í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári.

### Misræmisáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Álagspróf er framkvæmt a.m.k. einu sinni ári og er þá skoðað hver áhrif ýmissa atburða eru á tryggingafræðilega stöðu. Sjá nánar í viðauka 1. Verðtryggingarhlutfall er tilgreint í mánaðarskýrslum til stjórnar og ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Vikmörk á tryggingafræðilegri stöðu samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997.	Ef tryggingafræðileg staða verður neikvæð um 10% eða meira skal gera breytingar á samþykktum og einnig ef hún hefur haldist neikvæð um 5% eða meira í samfelld 5 ár.	Álagspróf og tryggingafræðileg athugun eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á ári. Umfjöllun um misræmisáhættu í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra.

### Áhætta vegna eigna og skuldbindinga utan efnahags

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Ef sjóðurinn er með útstandandi afleiður til áhættuvarna er höfuðstóll afleiðusamningsins utan efnahags en hagnaður/tap samnings er á efnahagsreikningi sjóðsins. Hafa skal eftirlit með mótaðilaáhættu þessa samninga eins og greinir í 36. gr. c laga nr. 129/1997.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Mótaðilaáhætta sem leiðir af afleiðu skal falla undir takmarkanir 1. og 3. mgr. 36. gr. c laga nr. 129/1997.	Ef sjóðurinn er kominn nálægt þeim vikmörkum sem sett eru í lögum eða fjárfestingarstefnu skal ábyrgðaraðili áhættustýringar tilkynna eignastýringu um það og skal hafa sérstakt eftirlit með þeim flokki. Ef sjóðurinn brýtur vikmörk skal framkvæmdastjóra og stjórn tilkynnt um brotið og krafa gerð á eignastýringu að gera viðeigandi breytingar á eignasafni án tafar.	Daglega.

### 3.2.2 Lífeyrstryggingaráhætta

#### Áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Tryggingafræðileg úttekt er framkvæmd af tryggingastærðfræðingi a.m.k. einu sinni á ári. Álagspróf er framkvæmt a.m.k. einu sinni ári og er þá skoðað hver áhrif ýmissa atburða eru á tryggingafræðilega stöðu. Sjá nánar í viðauka 1.	Stjórn, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur.	Vikmörk á tryggingafræðilegri stöðu samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997.	Ef tryggingafræðileg staða verður neikvæð um 10% eða meira skal gera breytingar á samþykktum og einnig ef hún hefur haldist neikvæð um 5% eða meira í samfelld 5 ár.	A.m.k. einu sinni á ári.

#### Lýðfræðileg áhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Reglulega eru gefnar út lífslíkutölur af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun. Stjórn skal fylgjast vel með öllum breytingum sem gerðar eru á lífslíkutölum og í samráði við tryggingastærðfræðing meta áhrif þeirra á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.	Stjórn, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur.	Á ekki við.	Ef breytingar á lífslíkutölum eru þess eðlis að þær hafa þau áhrif að tryggingafræðileg staða verður neikvæð um 10% eða meira skal gera breytingar á samþykktum.	A.m.k. einu sinni á ári.

#### Iðgjaldaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Eftirlit skal hafa með því hvort mikill samdráttur sé á iðgjaldagreiðslum á milli mánaða. Greint er frá iðgjaldagreiðslum í mánaðarskýrslu til stjórnar sjóðsins.	Framkvæmdastjóri og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ef 35% samdráttur verður á iðgjöldum á milli mánaða skal viðbragðsáætlun virkjuð.	Stjórn, framkvæmdastjóra og eignastýringu skal gert viðvart. Leitast skal við að rekja ástæðu samdráttar iðgjaldagreiðslna. Ef talið er að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða skal hafa virkt eftirlit í samstarfi við bakvinnslu sjóðsins. Ef talið er að samdrátturinn vari til lengri tíma en þriggja mánaða skal eignastýring fylgjast sérstaklega með lausafjárhlutfalli.	Mánaðarlega.

### 3.2.3 Mótaðilaáhætta

#### Útlánaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Útlánaáhætta er metin með lánshæfislíkani áhættustýringar Landsbankans. Samtala fjármálagerninga eins útgefenda sem vega 1% eða meira af eignum sjóðsins eru keyrðir í gegnum lánshæfislíkanið. Vægi útgefenda sem eru fjárhagslega tengdir er lagt saman.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ekki er fjárfest í fjármálagerningum útgefanda sem fær undir 3 í lánshæfislíkaninu og vegur meira en 1% af heildareignum sjóðsins að því gefnu að engin veð eða bakábyrgðir séu til staðar.	Ef niðurstöður lánshæfislíkans er undir 3 og engin veð eða bakábyrgðir eru til staðar skal gera ráðstafanir sem felast í því að annað hvort selja fjármálagerninga útgefandans eða afla trygginga, bakábyrgða eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja hagsmuni sjóðsins.	Niðurstöður úr lánshæfislíkani eru í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem er gefin út fjórum sinnum á ári. Útlánaáhætta einstakra útgefenda metin eftir þörfum ef farið er í nýfjárfestingar og upphæð sem nemur 1% eða meira af eignum sjóðsins.

#### Afhendingar- og uppgjörsáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Eignastýring sjóðsins hefur eftirlit með því að afhending fjármálagerninga gangi snurðulaust fyrir sig. Erfitt er að mæla afhendingar- og uppgjörsáhættu en vísað er í vikmörk/viðmið og viðbragðsáætlun.	Eignastýring og framkvæmdastjóri.	Vörsluaðilar og þeir aðilar sem annast miðlun verðbréfa fyrir sjóðinn skulu vera eftirlitsskyldir aðilar.	Ef fyrirtæki sem annast vörslu fjármálagerninga fyrir sjóðinn missir starfsleyfi sitt, skal færa þá fjármálagerninga til annars vörsluaðila. Ef verðbréfafyrirtæki sem annast miðlun fjármálagerninga fyrir sjóðinn missir starfsleyfi sitt skal umsvifalaust hætta viðskiptum við það fyrirtæki.	Á ekki við.

#### Sambjöppunaráhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Eignir sjóðsins eru skoðaðar út frá útgefendum við daglegt eftirlit. Ítarlegra niðurbrot á útefendum er í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra en þá er horft í gegnum sjóði.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	<b>Ríki:</b> 100% á sama útgefanda. <b>Viðskiptabankar:</b> Áhætta á einn útgefanda takmörkuð: 10% óveðtryggð verðbréf/hlutabréf + 10% sértryggð skuldabréf + 5% innlán, samtals 25%. <b>Aðrir útgefendur:</b> Áhætta á einn útgefanda takmörkuð við 10%.	Ef hlutfall sjóðsins í fjármálagerningum sama útgefanda eða aðilum honum tengdum nálgast vikmörk er eignastýringu sjóðsins gert viðvart. Ef hlutfallið fer yfir skilgreind vikmörk, skal selja þá fjármálagerninga að hluta án tafar. Framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins er gert viðvart um brot á vikmörkum.	Eftirlit er framkvæmt daglega. Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

### Atvinnugreinaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er tilgreind atvinnugreinaskipting á mismunandi flokka verðbréfa.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Atvinnugreinaáhætta skal takmarkast við 50% í einni atvinnugrein og skal þá horft í gegnum sjóði. Þessi takmörkun gildir aðeins um eignaflokka skv. 3.-6. tölul. 2. mgr. 36. gr.a laga nr. 129/1997.	Ef hlutfall sjóðsins í einni atvinnugrein nálgast vikmörk er eignastýringu sjóðsins gert viðvart. Ef hlutfallið fer yfir skilgreind vikmörk, skal selja fjármálagerninga sem útgefnir eru af útgefendum í umræddri atvinnugrein svo farið sé niður fyrir vikmörk. Framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins er gert viðvart um brot á vikmörkum.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

### Landsáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er tilgreind landsvæðaskipting á mismunandi flokka verðbréfa.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Engin skilgreind vikmörk eru á landsáhættu.	Á ekki við.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.



### 3.2.4 Lausafjárahætta

#### Seljanleikaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Gerð er greining á því hversu hátt hlutfall eigna sjóðsins eru seljanlegar eignir, þ.e. fjármálagerningar sem hægt er að koma í verð innan tveggja vikna og á ásættanlegu verðbili. Gert er grein fyrir hlutfallinu í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra.	Eignastýring og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Af eignum sjóðsins skulu a.m.k. 65% vera eignir sem flokkaðar eru sem seljanlegar eignir.	Þar sem sjóðurinn er að stórum hluta til séreignarsjóður getur útlæði vegna eingreiðslu lífeyris og réttindaflutninga aukist mikið á skömmum tíma. Eignastýringu skal gert viðvart þegar hlutfallið hefur lækkað niður í 70% og skal þá gera ráðstafanir til að hækka hlutfallið s.s. að reyna sölu illseljanlegri eigna og að fara ekki í nýfjárfestingar á eignum sem erfitt er að koma í verð. Hafa skal hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi við slíkar aðgerðir.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

#### Útstreymisáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Eignastýring fylgist vel með væntu útlæði vegna flutninga, lífeyrisgreiðslna og annarra útgreiðslna. Bakvinnsla lífeyrissjóða tilkynnir sjóðstjórum með nokkurra daga fyrirvara um vænt útlæði og eins fljótt og auðið er ef vart verður við mikið af beiðnum um réttindaflutninga og umsóknir um eingreiðslur á lífeyri.	Eignastýring og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Á ekki við.	Ef útlæði úr sjóðnum eykst mikið á skömmum tíma skal eignastýring leitast við að koma eignum í verð eins fljótt og auðið er en þó með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.	Ad hoc.

### 3.2.5 Rekstraráhætta

#### Stjórnarhættir

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera meðvitaðir um hlutverk sitt og þá ábyrgð sem fylgir starfi sínu. Viðhafa skal góða stjórnarhætti sem felst m.a. í því að ákvarðanataka sé fagleg, skjalfest og rekjanleg. Stjórn skal setja sér starfs- og siðareglur.	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Stjórnarmenn skulu uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í 31. gr. laga nr. 129/1997. Ef misræmi finnst ber að bregðast við.	Framkvæmdarstjóri skal tilkynna misræmi til stjórnar. Framkvæmdastjóri skal, í samráði við stjórn leitast við að leiðrétta misræmið svo fljótt sem auðið er.	Á ekki við.

#### Starfsmannaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Hæfilegur fjöldi starfsmanna skal koma að rekstri sjóðsins. Starfsmenn skulu hafa yfir að ráða þekkingu og færni til að sinna starfi sínu vel og af heilindum og/eða fá þjálfun sem nýtist þeim í starfi. Trúnaðarlæknir starfar fyrir rekstraraðila sem gerir starfsmönnum kleift að sækja sér lækniástoðar á auðveldan hátt og í boði er líkamsræktarstyrkur sem nýtist til heilsuefingar.	Framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef til uppsagna eða veikinda kemur skal gera ráðstafanir sem fela í sér að komið sé í veg fyrir að starfsemi sjóðsins skerðist á nokkurn hátt.	Á ekki við.

#### Áhætta er varðar upplýsingakerfi

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Innri endurskoðandi skal gera ítarlega úttekt á þeim upplýsingakerfum sem hafa þýðingu fyrir eða áhrif á starfsemi sjóðsins. Hluti af eigin áhættumat skal taka til áhættu vegna upplýsingakerfa. Efla skal og viðhalda þekkingu starfsmanna á bestu venjum í tengslum við upplýsingaöryggi og viðbrögð við aðsteðjandi ógnum, s.s. netógnir og sviksemistilraunir.	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Viðbrögð við rekstraratvikum upplýsingakerfa skulu vera í samræmi við viðbúnaðarumgjörð sjóðsins til að bregðast við mögulegum áföllum upplýsingakerfa.	Úttekt innri endurskoðanda skal vera gerð a.m.k. einu sinni á ári. Eigið áhættumat skal vera gert a.m.k. einu sinni á ári.

#### Áhætta varðandi rekstrarsamfellu

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Sjóðurinn skal hafa til reiðu áætlun um viðbúnað ef kemur til skerðingar á starfsemi sjóðsins. Hluti af eigin áhættumat skal taka til áhættu vegna skerðingar á starfsemi sjóðsins.	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef það kemur til skerðingar á starfsemi sjóðsins vegna óviðráðanlegra ástæðna, s.s. heimsfaraldurs, skal vera til staðar áætlun um að þeir sem koma að rekstri sjóðsins geti sinnt starfi sínu heima fyrir eða á öðrum stað í gegnum nettengingu. Starfsmönnum skal úthlutað þeim vélbúnaði og tækjum sem þarf til að sinna starfi sínu sem skyldi.	Eigið áhættumat skal vera gert a.m.k. einu sinni á ári.

### Pólítísk áhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Stjórn og framkvæmdastjóri skulu vera vel upplýst um allar þær breytingar sem gerðar eru á lögum og reglum sem gilda um og/eða hafa áhrif á starfsemi sjóðsins.	Stjórn og framkvæmdastjóri	Á ekki við.	Erfitt er að henda reiður á einstök tilvik er varða pólítíska áhættu en mikilvægast er að fylgjast með gangi mála ef fyrirsjáanlegt er að breytinga er að vænta.	Ad hoc.

### Skjalaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Öll skjöl eru vistuð í skjalastjórnunarkerfum rekstraraðila og afrituð reglulega samkvæmt stöðlum. Hluti af eigin áhættumati skal taka til skjalaáhættu. Innri endurskoðandi skal gera úttekt á skjalastjórnun og vörslu skjala.	Framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef til þess kemur að skjöl eyðist eða tynist skal tafarlaust setja af stað vinnu við endurheimt þeirra og verkferlar og upplýsingakerfi skulu skoðuð.	Úttekt innri endurskoðanda skal vera gerð a.m.k. einu sinni á ári. Eigið áhættumat skal vera gert a.m.k. einu sinni á ári.

### Úrskurðaráhætta lífeyris

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Innri endurskoðandi skal gera úttekt á útreikningi og útborgun lífeyrisréttinda. Í henni skal staðfesta tilvist lífeyrisþega og réttmæti útgreiðslna úr sjóðnum og að þær séu samkvæmt samþykktum.	Framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef við úttekt hjá innri endurskoðanda kemur í ljós að lífeyrir hafi verið rangt úrskurðaður skal bregðast við því án tafar. Skoða skal hvar villan liggur og úrbætur/endurreikningur skal vera gerður.	Úttekt innri endurskoðanda skal vera gerð a.m.k. einu sinni á ári.

### Áhætta vegna útvistunar

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Sjóðurinn hefur sett sér stefnu varðandi útvistun og tekur hún mið af leiðbeinandi tilmælum FME og lögum nr. 129/1997. Í henni koma fram atriði varðandi útvistunarsamninga, útvistun einstakra rekstrarþátta og eftirlit með útvistuðum verkefnum.	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef vart verður við hnökra í starfsemi sjóðsins af völdum útvistunar skal gera stjórn viðvart eins fljótt og auðið er. Farið skal í aðgerðir sem miða að því að greina vandamál við útvistun og eftir atvikum segja upp útvistunarsamningi ef hagsmunir sjóðsins krefjast þess.	Ad hoc.

## Upplýsingaáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Skjöl sem send eru sjóðfélögum skulu innihalda réttar og greinargóðar upplýsingar. Þegar yfirlit um iðgjaldagreiðslur eru send út eru gerðar stikkprufur og kannað hvort villur eða rangar upplýsingar leynist í yfirlitum.	Framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef í ljós kemur villa í skjölum til útsendingar, s.s. yfirlitum um iðgjaldagreiðslur, skal skoða hvar villan liggur og úrbætur gerðar eins fljótt og auðið er.	Yfirlit um iðgjaldagreiðslur eru send tvisvar á ári.

## Orðsporsáhætta

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sem koma að rekstri sjóðsins skulu viðhafa góð og fagleg vinnubrögð. Þannig næst að minnka áhættuna á að orðspor sjóðsins beri hnekki.	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Á ekki við.	Ef í ljós kemur að orðspor sjóðsins hafi beðið hnekki vegna ákveðinna atburða skal leita allra leiða til að bæta orðsporið með bættum vinnubrögðum, endurskoðunar á ferlum eða öðrum leiðum. Einnig skal fylgjast grannt með því hvort iðgjöld séu að lækka og útstreymi að aukast sökum réttindaflutninga.	Ad hoc.

## 3.2.6 Sjálfbærniáhætta

### Áhætta varðandi umhverfismál

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Útreikningur á óbeinni losun innlenda eignasafns sjóðsins er metin út frá sjálfbærnisráðgjöf útgefenda. Matið er gert með PCAF staðlinum. Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er birt tafla sem sýnir UFS einkunnir innlendra útgefenda fjármálagerninga sem eru í eigu lífeyrissjóðsins. Notast er við UFS einkunn frá Reitun.	Eignastýring, framkvæmdastjóri og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ekki eru skilgreind vikmörk á óbeina losun eignasafns eða UFS einkunn útgefenda heldur er stuðst við skynsemisregluna.	Engin skilgreind viðbragðsáætlun er vegna breytinga á áhættu varðandi umhverfismál. Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu ef UFS einkunnir einstakra útgefenda breytast mikið.	Útreikningur á óbeinni losun eignasafns er framkvæmdur einu sinni á ári. Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

### Áhætta varðandi félagsmál

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tiðni
Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er birt tafla sem sýnir UFS einkunnir innlendra útgefenda fjármálagerninga sem eru í eigu lífeyrissjóðsins. Notast er við UFS einkunn frá Reitun.	Eignastýring, framkvæmdastjóri og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ekki eru skilgreind vikmörk á UFS einkunn útgefenda heldur er stuðst við skynsemisregluna.	Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu ef UFS einkunnir einstakra útgefenda breytast mikið.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

### Áhætta varðandi stjórnarhætti

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tíðni
Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er birt tafla sem sýnir UFS einkunnir innlendra útgefenda fjármálagerninga sem eru í eigu lífeyrissjóðsins. Notast er við UFS einkunn frá Reitun.	Eignastýring, framkvæmdastjóri og ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ekki eru skilgreind vikmörk á UFS einkunn útgefenda heldur er stuðst við skynsemisregluna.	Sérstök umfjöllun við yfirferð á ársfjórðungsskýrslu ef UFS einkunnir einstakra útgefenda breytast mikið.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

### UFS áhættumat erlendra sjóða

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tíðni
Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra er birt tafla sem sýnir UFS einkunnir erlendra sjóða sem lífeyrissjóðurinn á hlutdeild í. Notast er við MSCI ESG Fund Rating.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Ekki eru skilgreind vikmörk á UFS einkunnum útgefenda heldur er stuðst við skynsemisregluna.	Ef UFS einkunn einstakra útgefenda lækkar mikið er reynt að greina hvað veldur og ákvörðun um næstu skref tekin í framhaldinu.	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra er gefin út fjórum sinnum á ári.

## 3.2.7 Annað

### Vikmarkaefirlit

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tíðni
Eftirlit er á því hvort eignasafn sjóðsins sé innan ramma 36. gr. b-d laga nr. 129/1997 og fjárfestingarstefnu hans. Notast er við gagnagrunnstólíð SAS analytics sem tekur upplýsingar úr bókhaldsgrunni sjóðsins og setur það upp á skýran og greinargóðan hátt.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Vikmörk eru skilgreind í 36. gr. b-d laga nr. 129/1997 og fjárfestingarstefnu sjóðsins.	Ef sjóðurinn er kominn nálægt einhverjum af þeim vikmörkum sem sett eru í lögum eða fjárfestingarstefnu skal ábyrgðaraðili áhættustýringar tilkynna eignastýringu um það og skal hafa sérstakt eftirlit með þeim flokki. Ef sjóðurinn brýtur vikmörk skal framkvæmdastjóra og stjórn tilkynnt um brotið og skal eignastýringu gert að gera viðeigandi breytingar á eignasafni án tafar.	Daglega

### Eftirlit með viðskiptum

Verklag	Ábyrgðaraðili	Vikmörk/viðmið	Viðbragðsáætlun	Tíðni
Farið er yfir þóknarir sem sjóðurinn greiðir fyrir verðbréfavíðskipti. Mánaðarlega eru öll viðskipti sem sjóðurinn hefur átt í næstliðnum mánuði skoðuð og athugun gerð á því hvort sjóðurinn hafi greitt óeðlilega háar þóknarir. Einnig eru gengi/kröfur á öllum viðskiptum skoðuð og athugun gerð á því hvort mikil frávik séu á þeim og markaðsgengi/kröfu.	Ábyrgðaraðili áhættustýringar.	Viðmið um þóknarir eru: Skuldabréf: 0,10% eða lægra. Hlutabréf: 0,30% eða lægra. Huglægt mat er á því hvort mikil frávik séu á gengi/kröfum fjármálagerninga.	Ef sjóðurinn hefur greitt þóknun vegna verðbréfavíðskipta sem er hærri en vikmörk segja til um er eignastýringu sjóðsins gert viðvart og leitað skýringa á því. Haft er samband við þá verðbréfamiðlun sem annaðist viðskiptin og ef um mistök er að ræða er gerð krafa um leiðréttingu. Ef mikil frávik eru á gengi/kröfu í einstökum viðskiptum er haft samband við eignastýringu og leitað svara hvað veldur. Ef skýringin þykir óeðlileg er framkvæmdastjóra greint frá því og umfjöllun um það í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra eða mánaðarskýrslu.	Mánaðarlega en umfjöllun er í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra sem gefin er út fjórum sinnum á ári og mánaðarskýrslu.

### 3.3 Viðmið um notkun afleiðna

Stjórn hefur veitt eignastýringu heimild til notkunar á afleiðum til að verja erlendar eignir sjóðsins gegn styrkingu á íslensku krónunni gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Áður en sú heimild er nýtt skal gerð hagfræðileg greining á sögulegri þróun helstu gjaldmiðla og sömuleiðis sviðsmyndir um mögulega þróun á komandi misserum. Ef niðurstaða þeirrar greiningar bendir eindregið til þess að íslenska krónan muni styrkjast gagnvart erlendum gjaldmiðlum er heimilt að verja erlendar eignir safnsins með gerð afleiðusamninga. Eignastýring skal skila minnisblaði til stjórnar, framkvæmdastjóra og ábyrgðaraðila áhættustýringar um forsendur þess að verja erlendar eignir með gerð afleiðusamninga.

Í ársfjórðungsskýrslu áhættustjóra skal vera umfjöllun um fjárhagslega stöðu afleiðusamninga og mótaðilaáhættu.

### 3.4 Birtingartafla

Tegund áhættu	Ábyrgð eftirlits	Tíðni eftirlits	Skýrslugjöf til ábyrgðaraðila
<b>Fjárhagsáhætta</b>			
Markaðsáhætta	ÁS	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Gjaldmiðlaáhætta	ÁS	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Verðbólguáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Fylgniáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Uppgreiðsluáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Misræmisáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Áhætta vegna eigna og skuldbindinga utan efnahags	ÁS	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
<b>Lífeyrstryggingaáhætta</b>			
Áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði	FS	Árlega	Skýrsla um tryggingafræðilega athugun
Lýðfræðileg áhætta	FS	Árlega	Skýrsla um tryggingafræðilega athugun
Iðgjaldaáhætta	ÁS	Mánaðarlega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
<b>Mótaðilaáhætta</b>			
Útlánaáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Afhendingar- og uppgjörshætta	ÁS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Sambjoppunaráhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Atvinnugreinaáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Landsáhætta	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
<b>Lausafjáraáhætta</b>			
Seljanleikaáhætta	ÁS	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
Ústremisáhætta	ES	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
<b>Rekstraráhætta</b>			
Stjórnarhættir	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Starfsmannaáhætta	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Áhætta er varðar upplýsingakerfi	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Áhætta varðandi rekstrarsamfellu	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Pólitísk áhætta	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Skjalaáhætta	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Úrskurðaráhætta lífeyris	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Áhætta vegna útvistunar	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Upplýsingaáhætta	FS	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Orðsporsáhætta	ÁS, FS, ES	Eftir þörfum	Eftir þörfum
<b>Sjálfbærniáhætta</b>			
UFS áhættumat	ÁS	Ársfjórðungslega	Ársfjórðungsskýrsla áhættustjóra
<b>Annað</b>			
Vikmarkaefirlit	ÁS	Daglega	Ársfjórðungsskýrsla og mánaðarskýrsla
Eftirlit með viðskiptum	ÁS	Mánaðarlega	Ársfjórðungsskýrsla og mánaðarskýrsla

\* ÁS: Áhættustjóri, FS: Framkvæmdastjóri, ES: Eignastýring

## **4 Endurskoðun stefnu**

Áætluð endurskoðun áhættu- og áhættustýringarstefnu er í nóvember 2024 eða ef markverðar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins.

## **5 Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra**

Áhættu- og áhættustýringarstefnan er undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra með rafrænni undirritun.

### **Stjórn**

Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður

Gísli Vilhjálmsson, varaformaður stjórnar

Heiðdís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson

### **Framkvæmdastjóri**

Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri



## Viðauki 1 - Álagspróf

Samhliða tryggingafræðilegri úttekt er framkvæmt álagspróf sem tekur til áhættuþátta sem snúa bæði að eignum sjóðsins og lífeyrisskuldbindingum. Álagsprófið er byggt upp á þann hátt að tekinn er fyrir einn atburður í einu, t.d. að örorkulíkur aukist um 10%, og skoðuð hver áhrif þessarar breytingar hefur á tryggingafræðilega stöðu. Niðurstöður álagsprófsins eru birtar í ársreikningi sjóðsins og eigin áhættumati stjórnar. Hér má sjá hvernig álagsprófið er uppbyggt.

Eignir	Breyting
Vísitala neysluverðs, hækkun aukin um	0,5%
Gengisvísitala lækkar um	-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um	-10%
Markaðsskuldabréf lækka um	-10%
Erlend hlutabréf lækka um	-10%
Innlend hlutabréf lækka um	-10%

Skuldbindingar	Breyting
Tryggingafræðileg krafa	-0,5%
Líftöflur hliðrast	2 ár
Örorkulíkur aukast	10%
Vísitala neysluverðs, hækkun aukin um	0,5%

# Undirritunarsíða

Ólafur Páll Gunnarsson

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson